

Alþingi
Erindi nr. P 138/2285
komudagur 17.S. 2010

SFF SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun (582. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni samgöngunefndar Alþingis til Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012. SFF eru ekki í aðstöðu til að leggja mat á skiptingu fjár milli samgöngusviða eða innan hvers sviðs, og ekki heldur hvernig fjármunum er varið til einstakra vegamála.

SFF telja mjög mikilvægt að stefna að greiðari samgöngum og auknu umferðaröryggi. Umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar er mikilvægur vegvísir að bættri umferðarmenningu í landinu. SFF fagna þeim áherslum sem fram koma í kaflanum um öryggi í samgöngum en telja að leggja mætti sérstaka áherslu á kortlagningu „svartra bletta“ (þ.e. vega eða vegahluta þar sem tjónatíðni er sögulega há) í grein 1.4.a og áréttu að í framhaldinu verði unnin aðgerðaáætlun til að fækka þessum svörtu blettum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Helga Jónsdóttir hdl.